

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. júní 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál. Er í tillögunni lagt til að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnunnar í byggðamáli til 15 ára. Samtökin fagna þeim áherslum sem fram koma í tillögunni þar sem leitast er við að nýta tækifæri sem felast í fjórðu iðnbyltingunni, nýsköpun og tæknibreytingum og skapa þannig fjölbreytt störf um land allt. Ennfremur er lögð rík áhersla á trausta innviði þar sem litið er til samgangna, aðgengi að orku, fjarskiptatengingum og nægu framboði af íbúðarhúsnæði. Samtökin vilja þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum við efnistökin tillögunnar sem verða útlistaðar hér að neðan.

Innviðir

Samtökin fagna því að lögð sé áhersla á innviði í þeirri forgangsroðun sem er að finna á lykilvergöngum áætlunarinnar. Samtökin vilja þó leggja áherslu á að mikla uppsafnaða fjárfestinga- og viðhaldsþörf er í kerfi innviða hér á landi. Skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga, *Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur*, gerir því ítarlega skil að ónóg fjárfesting í innviðum hefur valdið því að ástand þeirra er víða óviðunandi og uppsöfnuð viðhaldsþörf er mikil og þá sérstaklega á landsbyggðinni en víða um land eru hættulegir vegkaflar svo dæmi séu tekin. Telja samtökin að samhliða áherslu á jöfnun orkukostnaðar og áherslu á almenningssamgöngur þurfi að fjárfesta með beinum hætti í grunninnviðum landsins.

Samtökin sakna þess að ekki sé lögð sérstök áhersla á að bæta samgöngukerfið en það er t.d. forsenda þess að hægt sé að bæta almenningssamgöngur. Líkt og segir í aðgerðaráætluninni þá eru góðar samgöngur mikilvægar fyrir byggðarþróun og þær styrkja vinnu- og þjónustusóknarsvæði. Í tillögunni er þess í stað vísað til samgönguáætlunar en samtökin hafa einmitt bent á að þar þurfi að gera betur enda uppsafnaður viðhaldskostnaður í vegakerfinu 160-180 ma.kr. Í umsögn SI um framlagða tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, sem nú er til afgreiðslu á þinginu, lýsa samtökin áhyggjum af því að dregið sé úr fjárframlögum til viðhalds vegakerfisins enda mæti þau ekki viðhaldsþörf á næstu árum. Telja samtökin mikilvægt að hér sé gætt að því að grafa ekki undan jákvæðum markmiðum framlagðrar byggðaáætlunar með vanfjármögnun á vegakerfinu og öðrum innviðum landsins.

Húsnæðisuppbygging

Uppbygging húsnæðis er fjárfesting í framtíðinni og húsnæðisskortur leiðir til efnahagslegs ójafnvægis sem kemur niður á hagvexti og lífsgæðum. Það er því alvarlegt þegar framboðsskortur verður á húsnæði líkt og verið hefur undanfarið og á það ekki síst við á landsbyggðinni en húsnæðisskortur getur þar staðið í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu.

Núverandi framboðsskortur íbúða undirstrikar mikilvægi þess að mótuð verði ný húsnæðisstefna fyrir Ísland í þeim anda sem innviðaráðherra hefur boðað. Innviðaráðherra hefur nefnt í því sambandi að setja eigi markmið að byggja allt að 20.000 íbúðir á næstu fimm árum og þar af 7.000 með aðkomu hins opinbera í formi fjölbreytts húsnæðisstuðnings. Ekki er minnst á þá stefnumörkun í fyrirbyggjandi áætlun um byggðastefnu en telja samtökin þó að eðlilegt að unnið sé að slíkri stefnu og samhliða metið hvaða aðgerða beri að grípa til, til að auka húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni.

Að því sögðu fagna SI áherslu áætlunarinnar á að tryggja nægilegt framboð af íbúðarhúsnæði þar sem skortur er á hentugu húsnæði, sem hamlar eðlilegri framþróun og uppbyggingu atvinnulífs. Lagðar eru til ýmsar aðgerðir til að styðja við umrætt markmið og auka framboð íbúðarhúsnæðis sem samtökin fagna. Samtökin telja þó ljóst að þær aðgerðir munu, einar og sér, ekki duga til að mæta uppbyggingarþörf á ýmsum svæðum á landsbyggðinni. Meira þarf að koma til og því mikilvægt að heildstæð áætlun ríkis og sveitarfélaga sem boðuð hefur verið liggi fyrir. Því til stuðnings benda samtökin einnig á mikilvægi þess að vinna við innleiðingu á aðgerðum starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði sem birtar voru 19. maí á þessu ári fari sem fyrst af stað þar sem er m.a. gerð tillaga um húsnæðisáætlun fyrir allt landið. Einnig þarf að vinna áfram að því að lækka byggingarkostnað með því að auka hagræðingu í stjórnsýslu byggingarmála og draga úr óþarfa töfum.

Menntun

Í fyrirbyggjandi tillögu um stefnumótandi byggðaáætlun er lögð áhersla á jafnt aðgengi að þjónustu og þar á meðal litið til menntamála. Í aðgerð A.12 er sett fram það markmið að auka aðgengi að kennurum með sérþekkingu í tilteknum faggreinum og fagna samtökin þeirri áherslu enda hafa SI lengi talað fyrir því að t.d. iðn- og verkmenntun verði betur sinnt á grunnskólastigi. Sömu leiðis ber að fagna því til að til standi að kortleggja mönnun í tilteknum faggreinum og að mat verði lagt á kennsluráðgjöf, sem verður sífellt mikilvægari eftir því sem skólastarf verður fjölbreyttara.

Atvinnumál

Samtökin fagna áherslum byggðaáætlunarinnar á jöfn tækifæri til atvinnu og að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja verði eflað víðsvegar um landið. Samkeppnishæft rekstrarumhverfi stuðlar að arðbæru, fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör allra. Öflugt atvinnulíf er grundvöllur blómstrandi byggða og forsenda búsetu og því hlýtur fjölbreytt og stöndugt atvinnulíf að vera meginsteifið í stefnumótandi byggðaáætlun.

Í áætluninni sem hér liggur fyrir má finna tillögur um ýmsa þætti sem snúa að íslensku atvinnulífi, svo sem uppbyggingu innviða og nýsköpunarhæfni samfélaga. Samtökin telja þó að áætlunin leggi of mikla áherslu á opinber störf á kostnað starfa á almennum vinnumarkaði.

Til dæmis er fjallað um að störf á vegum ríkisins séu hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu en íbúafjöldi þess svæðis gefur tilefni til og mikilvægt sé að ríki stuðli að fjölgun fjölbreyttra starfa sem víðast um landið. Einnig er fjallað um aðgerðir „[...] sem snúa að starfsemi hins opinbera miða að því að jafna dreifingu ríkisstarfa og skapa ný atvinnutækifæri á landsbyggðinni.“ Þá er lagt til að einn af þeim mælikvörðum sem stuðst verði við til að meta framgang markmiðs um jöfn tækifæri til atvinnu sé „*hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda/heildarfjölda stöðugilda*“.

Samtökin eru ósammála því að hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda segi nokkuð um jöfn tækifæri til atvinnu eða eigi að vera markmið í sjálfu sér. Samtökin hafa áður bent á þá gríðarlegu fjölgun á störfum á vegum hins opinbera á sama tíma og störfum á almenna vinnumarkaðnum hefur verið að fækka. Til dæmis fjölgaði starfsfólki í atvinnugreinunum *opinberri stjórnslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu*, sem að mestu eru reknar af ríki og sveitarfélögum, um 9.000 frá september 2017 til og með september 2021 á meðan starfsfólki í einkageiranum fækkaði á sama tíma um 8.000. Þessi mikla fjölgun á opinberum störfum leiðir til þess að hið opinbera dregur til sín meira af landsframleiðslunni, verðmætasköpun þjóðarbúsins, og mun einnig takmarka rými einkaaðila til vaxtar. Þetta er varhugaverð þróun og að mati samtakanna er viðsjárvert að stefnumótandi byggðaaætlun leggi áherslu á opinber störf umfram störf á hinum almenna vinnumarkaði.


Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Áni Grétar Finnsson,
verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði

f.h. Samtaka iðnaðarins



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur